

## Fundargerð 109. fundar stjórnar SSNV, 4. júní 2024

Þriðjudaginn 4. júní 2024, kom stjórn SSNV saman á Teams. Hófst fundurinn kl. 9.30. Mætt voru: Einar E. Einarsson, Guðmundur Haukur Jakobsson, Halldór Gunnar Ólafsson, Álfhildur Leifsdóttir, Magnús Magnússon og Katrín M. Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

1. Farsæld barna – svæðisskipan
2. Lífrænn úrgangur - *framhald*
3. Framlögð mál til kynningar
  - a. Fundargerðir
4. Skýrsla framkvæmdastjóra

### Afgreiðslur:

#### 1. Farsæld barna – svæðisskipan

Svandís Ingimundardóttir, sérfræðingur hjá Mennta- og barnamálaráðuneytinu kom til fundar og kynnti innleiðingu svæðisbundinna farsældarráða og viðaukasamning við sóknaráætlanir til tveggja ára. Stjórn þakkar Svandísi fyrir góða framsögu og yfirferð.

Stjórn felur framkvæmdastjóra framkvæmd á eftirfarandi:

1. SSNV hafi samband við sveitarfélögin í landshlutanum og sækji til þeirra umboð til að gera viðaukasamning undir merkjum Sóknaráætlunar við mennta- og barnamálaráðuneytið.
2. Að SSNV sendi í framhaldinu staðfestingu til ráðuneytisins um áhuga sveitarfélaganna til þátttöku. Auk þess verði send gróf lýsing á því hvernig samtökin sjá fyrir sér að verkefnið sé unnið, t.a.m. tímalínu, rökstuðning fyrir hálfu eða heilu stöðugildi, umfangi og verklagi.
3. Að þeim loknum er samningurinn útfærður í samráði við SSNV og með mögulegri undirritun, auglýst yrði fljótlega eftir verkefnisstjóra, verði þetta samþykkt, sem geti hafist handa með haustinu.
4. Stjórn SSNV telur mikilvægt að unnið sé þvert á landshlutann að samhæfingu með farsæld barna að leiðarljósi. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna samkvæmt fyrrgreindu verklagi og kalla eftir afstöðu og umboði sveitarfélaganna.

#### 2. Lífrænn úrgangur og verkefni

Framhald á umræðu stjórnar. Framkvæmdastjóra er falið að ganga frá samkomlagi við Stefán Gíslason hjá Environice samkvæmt fyrirbyggjandi tilboði.

### 3. Framlögð mál til kynningar

#### a. Fundargerðir

Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga, 19. apríl 2024. [Fundargerðin](#)

Stjórn SSNE, 3. apríl 2024. [Fundargerðin](#).

Stýrihópur Stjórnarráðs um byggðamál, 6. maí 2024. [Fundargerðin](#).

### 4. Skýrsla framkvæmdastjóra

Skýrsla framkvæmdastjóra flutt munnlega.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 10:58.

Einar E. Einarsson, Guðmundur Haukur Jakobsson, Magnús Magnússon, Álfhildur Leifsdóttir,  
Halldór Gunnar Ólafsson, Katrín M. Guðjónsdóttir.